

## REGLUGERÐ

### um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/981 um breytingu á skránni yfir starfsstöðvar í Brasilíu þaðan sem innflutningur til Sambandsins á lagarafurðum, sem ætlaðar eru til manneldis, er leyfður.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/981 frá 11. júlí 2018 um breytingu á skránni yfir starfsstöðvar í Brasilíu þaðan sem innflutningur til Sambandsins á lagarafurðum, sem ætlaðar eru til manneldis, er leyfður.

#### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/981 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. október 2018.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/981**

frá 11. júlí 2018

**um breytingu á skránni yfir starfsstöðvar í Brasilíu þaðan sem innflutningur til Sambandsins á lagarafurðum, sem eru ætlaðar til manneldis, er leyfður**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis <sup>(1)</sup>, einkum c-lið 4. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu. Í 1. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar er einkum kveðið á um að einungis megi flytja afurðir úr dýraríkinu inn til Sambandsins, að tilteknum, sérstökum tilvikum undanskildum, ef þær eru upprunnar frá starfsstöðvum í þriðju löndum sem er að finna í skrá sem samdar eru og uppfærðar í samræmi við þá grein. Hægt er að nálgast þessar skrár á vefsetri stjórnarsviðs heilbrigðis og matvælaöryggis <sup>(2)</sup>.
- 2) Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 er þess krafist að starfsstöðvar í þriðju löndum séu einungis færðar inn í þessar skrár ef lögbær yfirvöld þriðja landsins ábyrgjast að þessar starfsstöðvar, ásamt öllum starfsstöðvum sem meðhöndla hráefni úr dýraríkinu sem er notað við framleiðslu á viðkomandi afurðum úr dýraríkinu, fari að viðeigandi kröfum Sambandsins. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 ættu lögbær yfirvöld hlutaðeigandi þriðju landa þar að auki að halda þessum skráum yfir starfsstöðvar uppfærðum og senda þær til framkvæmdastjórnarinnar til samræmis við það.
- 3) Í a-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að lagarafurðir, sem fluttar eru inn með verksmiðju- eða frystiskipum sem sigla undir fána þriðja lands, skulu vera úr skipum sem er að finna á skrá sem samin er og uppfærð í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 4. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar.
- 4) Eftirlitsúttekt framkvæmdastjórnarinnar leiddi í ljós í september 2017 að frumframleiðslustarfsstöðvar, sem afhenda til starfsstöðva í Brasilíu þaðan sem innflutningur á lagarafurðum er leyfður, eru ekki auðkenndar og falla ekki undir opinbert eftirlit. Af þessum sökum var niðurstaða úttektarinnar sú að lögbært yfirvald í Brasilíu væri hvorki í aðstöðu til að leggja fram þær ábyrgðir sem settar eru fram í a- og b-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 né gæti það lagt fram allar þær ábyrgðir sem um getur í heilbrigðisvottorði fyrir lagarafurðir sem mælt er fyrir um í IV. viðbæti við VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 <sup>(3)</sup>. Enn fremur leiddi þessi eftirlitsúttekt í ljós alvarlega annmarka að því er varðar innviði og kröfur um hollustuhætti í fjölmörgum starfsstöðvum í Brasilíu, sem voru skoðaðar, þaðan sem innflutningur á lagarafurðum er leyfður. Fyrirnefndir annmarkar sýndu kerfisbundinn skort á skilvirku eftirliti af hálfu lögbærra yfirvalda í Brasilíu að því er varðar lagarafurðir.
- 5) Yfirvöld í Brasilíu upplýstu framkvæmdastjórnina um það í opinberu bréfi dagsettu 22. desember 2017, sem svar við þeim tilmælum sem komu fram í bráðabirgðaeftirlitsskýrslunni, að þau hefðu stöðvað tímabundið útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir allar lagarafurðir sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins frá og með 3. janúar 2018. Þó tilkynntu aðildarríkin framkvæmdastjórninni um að sendingum af lagarafurðum, sem eru upprunnar í Brasilíu, hafi verið framvísað á landamærum Sambandsins ásamt vottorðum sem voru gefin út eftir dagsetningu tímabundinnar stöðvunar.
- 6) Í ljósi þessara atriða og meðan nýjar upplýsingar frá yfirvöldum í Brasilíu eru ekki fyrir hendi eru engar fullnægjandi tryggingar fyrir því að neinar þessara stöðva, sem hafa leyfi til að flytja lagarafurðir inn til Sambandsins frá Brasilíu, uppfylli skilyrðin í 2. mgr. 12. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 og því skapa afurðir þeirra áhættu fyrir lýðheilsu. Því er rétt að fjarlægja allar starfsstöðvarnar af skránni yfir starfsstöðvar í Brasilíu þaðan sem hægt er að flytja lagarafurðir, sem eru ætlaðar til manneldis, inn til Sambandsins.
- 7) Í ljósi þeirrar áhættu fyrir lýðheilsu sem tengist afurðum þessara starfsstöðva ættu þær tafarlaust að missa leyfið til útflutnings til Sambandsins. Því er rétt að gildistökudagur þessarar reglugerðar sé dagurinn eftir birtingu hennar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Skránni yfir starfsstöðvar, sem um getur í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004, skal breytt til þess að fjarlægja allar færslur yfir starfsstöðvar í Brasilíu þaðan sem innflutningur til Sambandsins á lagarafurðum, sem eru ætlaðar til manneldis, er leyfður.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júlí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

Jean-Claude Juncker

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

<sup>(2)</sup> [https://ec.europa.eu/food/safety/international\\_affairs/trade/non-eu-countries\\_en](https://ec.europa.eu/food/safety/international_affairs/trade/non-eu-countries_en).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tilteknar afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27).

---

B-deild – Útgáfud.: 22. október 2018